

Nd.

417. Nefndarálit

[189. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 40 18. maí 1978, um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. lög nr. 7 22. febr. 1980 og lög nr. 20 7. maí 1980, um breyt. á þeim lögum.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Af hálfu þingmanna Sjálfstæðisflokksins var flutt snemma á þessu þingi frumvarp til laga um breytingu á tekju- og eignarskattslögunum til lagfæringar og leiðréttingar á þeim ákvæðum sem varða frádrátt vegna vaxtakostnaðar, en þau ákvæði voru samþykkt á síðasta þingi sem frv. frá núverandi ríkisstjórn (lög nr. 7/1980).

Eðlilegast hefði verið að taka það mál til afgreiðslu og koma fram með breytingartillögur. Þess í stað leggur ríkisstjórnin fram annað frumvarp um leið og hún boðar flutning fleiri frumvarpa síðar á þinginu um breytingar á tekju- og eignarskattslögunum.

Framkvæmd hinna nýju tekju- og eignarskattslaga hefur að sjálfsögðu leitt í ljós hvað lagfæra þarf, og hafa verið fluttar ýmsar tillögur þar að lútandi af hálfu sjálfstæðismanna, en hafa ekki náð fram að ganga enn sem komið er.

Sú athugun, sem fulltrúum þingflokka var ætlað að gera á framkvæmd þessarar löggjafar á s. l. ári, hefur enn fremur dregist og er því nauðsynlegt að frv. til breytinga á tekju- og eignarskattslögum komi aftur fyrir þetta þing.

Um þetta frumvarp náðist ekki samstaða, enda þótt ljóst sé af þeim breytingum, sem samþykktar voru í háttvirtri efri deild, að ýmsar ábendingar sjálfstæðismanna hafa verið teknar til greina og frumvarpið því lagfært.

Fyrri breytingin, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, er að kostnaður vegna handverkfæra og hljóðfæra verði frádráttarbær til skatts, en svo hefur ekki verið síðan tekin var upp sú regla, að 10% af brúttótekjum launþega eru frádráttarbærar til tekjuskatts.

Hér er um varhugavert afturhvarf að ræða frá meginstefnu gildandi skattalaga, að draga úr fjölda frádráttarliða, þar sem slíkt er forsenda snurðulausrar framkvæmdar á staðgreiðslukerfi skatta ef til framkvæmda kemur. Hvers eiga visindamenn að gjalda sem þurfa að kaupa fagtimarit o. s. frv., o. s. frv.?

Þá vaknar sú spurning, hvort ekki sé eðlilegra að endurskoða ákvæði um skattafrádrátt farmanna og fiskimanna ellegar námsmanna við ríkjandi aðstæður en að taka upp slík ákvæði að nýju í skattalög.

Önnur meginbreytingin, sem felst í frv., er að heimila rýmri frádrátt vaxtakostnaðar en er í gildandi lögum um þetta efni. Lög nr. 7 frá 1980 hefðu endanlega gert ungu fólki ókleift með öllu að rísa undir vaxtagreiðslum og byggingarkostnaði eigin húsnæðis.

Þessar breytingar stefna í rétta átt, en verða ákaflega flóknar og erfiðar og ekki fólki, sem aflar sér eigin húsnæðis, til nægjanlegs stuðnings.

Það verður að segjast að takmörkun vaxta- og verðbótafjárhæðar, sem frádráttarbær yrði fyrir húsbýggjendur, við 7.2 millj. kr. hámark fyrir hjón við álagningu í ár skv. frumvarpinu er ekki mikil ofrausn, ef höfð er í huga sú stefna sem verið hefur í framkvæmd um skeið í lánamálum þeirra.

Þá er ekkert komið til móts við fólk, sem af ýmsum ástæðum hefur safnað skuldum án þess að þær séu beint tengdar öflun húsnæðis, t. d. ef um tekjumissi er að ræða vegna langvarandi forfalla fyrirvinnu heimilis, sem hefur getað haft skuldasöfnun í för með sér til þess að afstýra sölu á íbúð fjölskyldunnar, svo að dæmi sé tekið.

Höfuðgalli þessara þröngu skilyrða fyrir heimild til frádráttar vaxta er þó sá, að fólk mun almennt ekki hafa gert ráð fyrir þeim þegar það stofnaði til skulda á s. l. ári.

Þessu til viðbótar er ekkert litið til skuldasöfnunar námsmanna, og hefur því verið flutt frumvarp af hálfu sjálfstæðismanna um frádrátt verðtryggingargreiðslna

og vaxtagjalda námsmanna með þeim hætti, að þau lán njóti sömu skattmeðferðar og fjárfestingarlán til íbúða.

Undirritaðir fulltrúar sjálfstæðismanna í fjárhags- og viðskiptanefnd leggja til að í ár gildi óbreyttar reglur um frádrátt vaxtakostnaðar, gengistaps og verðtryggingar sem giltu í fyrra, en að nú verði sett ákvæði inn í skattalög, sem tryggi betur hagsmuni þeirra, sem afla sér eigin húsnæðis, en frumvarpið gerir ráð fyrir, ef þau ákvæði koma til framkvæmda á næsta ári, þó með þeirri takmörkun, að hámarksfrádráttur verði 3 millj. hjá einstaklingi að viðbætti hækkun skv. skattvísitölu. Þetta er í samræmi við þá stefnu sjálfstæðismanna að gefa almenningi kost á að vita hvaða afleiðingar ákvarðanir þeirra í fjármálum hafa, þegar þær eru teknar, á þá skattbyrði sem þeim verður ætlað að axla þegar til skattlagningar kemur á tekjur og eignir viðkomandi árs.

Alþingi, 12. febr. 1981.

Matthías Á. Mathiesen,
frsm.

Albert Guðmundsson.

Matthías Bjarnason.